

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	22. desember 2023 kl. 14:00-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	17
Viðstaddir	Stjórn: Björn Zoéga, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir og Höskuldur H. Ólafsson.
Áheyrnarfulltrúar starfsmanna:	Erla Björg Birgisdóttir, Örvar Gunnarsson
Aðrir:	Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri.
Fjarverandi:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Gestir:	Gunnar Ágúst Beinteinsson, Halla Gunnarsdóttir
Fundarstjóri:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Fundargerð nóvemberfundar stjórnar samþykkt.

Hlutverk stjórnar rætt og hvenær rétt sé fyrir stjórn að bregðast við stöðunni í starfsemi spítalans, með vísan til nýlegs erindis sem sent var frá spítalanum til ráðuneytisins. Rætt um með hvaða hætti eigi að haga formlegu samtali við ráðuneytið um þau atriði sem stjórnin vill leggja áherslu á.

Stjórn telur mikilvægt að leggja áherslu á að hjúkrunarrýmum fjölgi hratt og gerðar verði ráðstafanir til að fjölga rýmum á næsta ári.

2. Fastir liðir

-Skýrsla forstjóra

Farið yfir starfsemisupplýsingar. Mikil aukning í veittri þjónustu samanborið við árið í fyrra. Athyglisvert þegar komur á bráðamóttöku eru skoðaðar að færri sækja þjónustu bráðamóttöku núna en árið 2017. Vinnan sem hefur farið fram varðandi léttvægustu tilvikin hafa skilað árangri en þungu sjúklingarnir eru meira veikir. Skurðaðgerðum hefur fjölgað um 9,4% án þess að opnuð hafi verið ný skurðstofa. Nú stendur til að opna nýja skurðstofu og má ætla að fjölgun verði einnig mikil á næsta ári. Nýting tíma og starfsfólks er meginástæða þess að aukning hefur verið mikil innan skurðþjónustunnar. Unnið hefur verið að því að gera starfsemina skilvirkar og bæta nýtingu á tíma.

Rúmanýting sýnd samanborið við 2022 en nokkur aukning er í rúmanýtingu. Allt upp í 115% rúmanýting og því gefur auga leið að svigrúmið er lítið. Vandinn varðandi sjúklinga með fæni- og heilsumat er að þeim fer stöðugt fjölgandi og við höfum upplýst ráðuneytið um það reglulega. Áhyggjurnar stafa af aukningunni þannig að um 20% legurýma hafa verið notuð fyrir einstaklinga sem bíða eftir hjúkrunarrýmum og svo til viðbótar þeir sem bíða eftir endurhæfingarrýmum.

Engin fyrirsjáanleg aukning er á hjúkrunarrýmum. Spítalinn hefur fengið upplýsingar um að leitað sé samninga um biðrymi sem kæmu til notkunar á næsta ári, en ekki fyrr en seinni hluta árs. Síðan er verið að vinna að aukinni þjónustu við einstaklinga til að koma í veg fyrir að þeir fái fæni- og heilsumat þannig að þeir geti verið lengur heima.

Spítalinn hefur síðustu 2 vikur verið úthlutað öllum hjúkrunarrýmum sem losnað hafa á höfuðborgarsvæðinu. Í dag eru einstaklingar komnir niður í 84 úr 97 þegar verst lét. Svo er búist við um 30 rýmum á Sólvangi í janúar sem munu létt á stöðunni innan spítalans.

Farið yfir stöðuna í breytingum á stjórnskipulagi spítalans. Áhersla fyrst og fremst á að styrkja framlinustjórnun með því að bæta við forstöðumannalagi. Misjafnlega mikil aukning í stjórnun eftir sviðum. Rætt um aðrar stéttir en hjúkrunarfræðinga og lækna. Settur verður í gang stefnumótunarvettvangur í byrjun næsta árs til að skoða hvernig forystu þessara stétta er best fyrir komið. Stoðþjónusta, þ.e. stuðningur fjármálastjóra, mannauðsstjóra, verkefnastjóra o.fl., fyrir stjórnendur er ófullnægjandi og þarf að efla, sem verður gert.

Farið yfir megináherslurnar með breytingunum, áherslur varðandi hlutverki nýrra stjórnenda. Verið að vinna að því að skilgreina verkefni, dagleg verkefni, vikuleg verkefni, mánaðaleg verkefni, ársfjórðungsleg og árleg verkefni. Starfslýsingar hafa verið mjög almennar hingað til og það stendur til að skilgreina þessa ábyrgð frekar.

Vísindastarf verður áfram á skrifstofu forstjóra og ákvörðun var tekin um að færa verkefni Nýs Landspítala inn á skrifstofu forstjóra af þróunarsviði. Svið öldrunar- og endurhæfingar verður lagt niður og færast inn á svið lyflækninga- og bráðþjónustu. Það hefur verið ákveðin einangrun á Landakoti og mögulega uppi á Grensás líka sem nú stendur til að bæta.

Athugasemd gerð við framsetningu skipulags sviða þar sem vísindastarf væri ekki sýnilegt inni á öllum sviðunum. Stendur til að skilgreina betur hlutverk allra stjórnenda í framlínu hvað varðar vísindi þannig að tenging sé milli forstöðumanns vísinda við alla þessa aðila í framlínunni. Skilgreina þarf betur störf forstöðumanna fræðasviðs og hlutverk þeirra innan sviða. Áhersla verður lögð á aukið samstarf við Háskóla Íslands. Áhersla lögð á sýnileika vísinda og að þetta sé eitt af þremur hlutverkum spítalans sem háskólasjúkrahúss.

Farið yfir kostnað í tengslum við stjórnskipulagsbreytingarnar. Gera má ráð fyrir því að aukning verði í veittri þjónustu sem muni skapa frekari tekjur, sbr. samning um þjónustutengda fjármögnun. Stjórnarmenn telja mikilvægt að reiknaður verði kostnaðarábata í tengslum við breytingarnar, hvar auknar tekjur verði og hvar sparnaður liggur. Árangursmat rætt og innleiðing ákveðinna vísa í tengslum við árangursmat vegna breytinganna.

Tímalínan kynnt og næstu skref. Nýjar stöður verði auglýstar í janúar. Ferli ráðninga fari fram í febrúar og nýtt skipurit verði innleitt í byrjun apríl. Árangur verði metinn að ári liðnu.

Menningin á spítalanum rædd. Mikilvægt að hafa áhrif á menninguna. Með breytingum í samfélaginu og auknum kröfum þá kallar þetta á mikla kerfisbreytingu. Þá hefur verið kallað eftir frekari vinnustyttingu sem hefur reynst erfitt að innleiða.

Rætt um stefnu í tengslum við auglýsingar og ráðningar og hvort dregið hafi verið úr áherslum varðandi akademíska hæfni. Rætt um hvatakerfi innan spítalans og hvort hægt væri að innleiða slíkt kerfi til að auka afköst og árangur. Nú er unnið að því að velta við öllum steinum í tengslum við sameiginlega starfsmenn spítalans og háskólans og unnið að því að rýna í verkefni þeirra á spítalanum.

Fulltrúar starfsmanna víkja af fundi meðan málefni starfsmanna eru rædd

Farið yfir ákveðin atriði sem tengjast plastbarkamálinu svokallaða. Forstjóri upplýsir stjórnina um ýmis atriði sem tengjast málinu á fyrri stigum þess. Fari yfir lykiltríði í málinu.

Rætt um þátt annarra stofnana í málinu, s.s. Sjúkratrygginga Íslands, Háskóla Íslands, Embættis landlæknis og Alþingis.

Spítalinn hefur óskað eftir upplýsingum frá Embætti landlæknis hvað varðar þeirra afgreiðslu á málinu á sínum tíma. Rætt um í hvaða ferli málið fari núna og hvernig það ferli hefur áhrif til að þetta komi ekki upp aftur.

Fulltrúi starfsmanna kemur aftur inn á fund

-Umfjöllun um fjármál

Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannaúts, kemur inn á fund.

Farið yfir nóvemberuppgjör, útkomuspá 2023 og áætlun 2024.

Uppgjör janúar til nóvember kynnt en það sýnir verri stöðu en uppgjör októbermánaðar, upp á 251 m.kr. Tekjuafgangur vegna ósjúkratryggðra hækkar um 115 m.kr. Verri staða á stoðsviðum um 62 m.kr og á klínískum sviðum um 171 m.kr.

Kjarasamningsbundnar hækkanir hafa veruleg áhrif þar sem leyfisskuldbinding er ekki bætt. Kostnaður vegna covid verður ekki bættur þetta árið sem nemur um 400 m.kr. Svo eru viðbótarlaun umfangsmikill þáttur, eða um 1400 m.kr.

Farið yfir stöðuna á þjónustutengdri fjármögnun en nú er staðan þannig að framleiðsla er um 4,9% umfram áætlun. Staða skráningar kynnt og hvað upp á vantar þar og líklegar skýringar. Fremur lágt hlutfall óskrað, mjög lágt hlutfall lega en nokkur fjöldi koma. Farið yfir hvað spítalinn fær fjármagnað. Í fjárukalögum var samþykkt 700 m.kr. viðbótarfjárveiting í svokallaðan DRG pott (90% af þeirri fjárhæð ráðstafast til Landspítala og 10% til Sjúkrahússins á Akureyri), þó að framleiðsla hafi verið upp á um 1.340 m.kr. og því ljóst að um 710 m.kr. fengust ekki fjármagnaðar af DRG framleiðslu ársins. Telur stjórn að með þeirri viðbót sem samþykkt var í fjárukalögum hafi falist ákveðin staðfesting á mikilvægi þess að fjármagna viðbótarframleiðslu umfram áætlun ársins. Þá telur stjórn mikilvægt að umfang fjármagns til viðbótarframleiðslu verði aukið og fært inn í 5 ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Farið yfir stöðuna í biðlistaátaki. Stefnir í að við náum ekki að framkvæma allar aðgerðirnar sem hægt væri að fá greiddar í liðskiptaaðgerðum en við þann hluta var bætt nokkrum fjölda aðgerða um mitt ár.

Útkomuspáin kynnt sem bendir til þess að rekstur spítalans endi í kringum núllið.

Rætt um hvernig rétt er að fjalla um árangur í rekstri spítalans, sem kemur til vegna aukningar á framleiðslu og framleiðniaukningar. Stjórnarmenn telja mikilvægt að skipuleggja vel hvernig upplýsingum er miðlað til almennings. Miðla þurfi upplýsingum um að ekki hafi verið greitt fyrir þá þjónustu sem veitt var, eins og samningur um þjónustutengda fjármögnun gerir ráð fyrir, en þrátt fyrir það hafi tekist að reka spítalann án halla.

Rætt um áfangasamkomulag sem hefur verið í vinnslu vegna launa milli stofnana. Um er að ræða verkefni þar sem gerður er samanburður milli stofnana hvað launa varðar, til að samræma laun milli stofnana. Landspítali virðist fá bætur í flestum flokkum sem sýnir að spítalinn er að greiða nokkuð læri laun en aðrar stofnanir. Stefnir í að laun 1600 starfsmanna verði bætt vegna þess að þau eru ekki sambærileg við aðrar stofnanir. Laun 600 hjúkrunarfræðinga verði bætt, en til samanburðar var engum greiddar bætur á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þetta er ákveðið skref í átt að því að samræma stofnanasamninga.

Samanburður á uppgjöri og útkomuspá kynntur. Upplýst að ný sundurliðun fyrir ríkisaðila liggi ekki fyrir fyrr en í byrjun janúar og engar formlegar upplýsingar hafi fengist um breytingar. Upplýsingar um fjárveitingar séu því óbreyttar frá fumvarpi.

Rætt um mikilvægi þess að hækkun á DRG potti verði færð inn í fjármálaáætlun og að unnið verði að því á komandi mánuðum.

Farið yfir þær fjárveitingar sem spítalinn fékk í fjárukalögum, þ.e. farsóttareiningu, hágæslurými o.fl. Einnig farið yfir það sem ekki fékkst fjármagnað með fjárukalögum. Það sem stendur hæst hvað það varðar er stækkun á potti þjónustutengdrar fjármögnunar, sérnám í læknisfræði og fjármögnun nýs húsnæðis fyrir erfða- og sameindalæknisfræðideild spítalans í Skógarhlíð, en deildin þurfti að flytja úr húsnæði vegna myglu.

Rætt um ástand húsnæðis spítalans í tengslum við tilvist mögulegrar myglu. Þetta hefur verið mikið til umræðu vegna húsnæðis Blóðbankans og úttektir verði í gangi. Umræður hafa verið um hvort þörf sé á flutningi Blóðbankans.

Farið yfir fjármuni utan sviða og hvernig líklegt er að þeir skiptist milli sviða.

Farið yfir fjárfestingaáætlun en framlag til tækja og búnaðar er 1319 m.kr. Afskriftir eru 1400 m.kr á ári. Upphæð til fjárfestinga í tækjum hefur ekki hækkað í fjölda ára og því rýrnað mjög mikið. Spítalinn hefur ítrekað vakið máls á þessu í erindum, á fundum hjá ráðuneytinu og við fjárlaganefnd Alþingis.

Samkvæmt nefndaráliti fjárlagafrumvarps og upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er gert ráð fyrir fjárveitingu upp á 600 m.kr. til hækkunar einskiptis til kaupa á línuhraðli.

Framlag til nýframkvæmda eða endurbóta á húsnæði er 559 m.kr. Fjárfestingaframlag hefur verið óbreytt í mörg undanfarin ár og tekur ekki verðlagshækkun. Framlagið lækkar því hratt að raunvirði í verðbólgu og hefur þetta komið illa niður á viðhaldi á húsnæði spítalans.

Bókun: Fjárhagsáætlun spítalans fyrir árið 2024 samþykkt. Erindi þess efnis verður sent ráðuneytinu eftir fundinn.

Áhersla lögð á að hraða innleiðingu þjónustutengdrar fjármögnunar á spítalanum. Á næsta ári eru möguleikar á því að fá hærri tekjur með þjónustutengdri fjármögnun. Mikilvægt að hafa áhrif á 5 ára fjármálaáætlun og knýja á um hækkun fjárveitinga í þeirri áætlun.

GÁB vikur af fundi

3. Stjórnskipulag spítalans, staðan og næstu skref

Fjallað var um þennan lið undir skýrslu forstjóra.

4. Starfsáætlun Landspítala 2024 – til samþykktar

Halla Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, kemur inn á fund.

Halla fer yfir vinnulag við gerð starfsáætlunar. Nýrri nálgun hafi verið beitt við gerð starfsáætlunar nú í ár og áhersla lögð á að taka saman öll þau verkefni sem klára eigi á næsta ári. Unnið var með fjóra flokka í stefnu spítalans og undirflokkum þeirra.

Öll verkefni eru færð undir sérstök markmið og þannig verður gangsaði meira. Farið yfir niðurbrot eftir sviðum. Framkvæmdastjórn hefur samþykkt starfsáætlunina. Núna er unnið að því að tengja starfsáætlunina við verkefnasafn spítalans sem er í mikilli þróun.

Öll verkefni sem fara inn í starfsáætlun eru fjármögnuð verkefni.

Komið verður inn í framkvæmdastjórn ársfjórðungslega og þannig verður verkefnunum fylgt eftir. Í lok næsta árs verður farið yfir hvernig þetta vinnulag hefur gengið og hvort við viljum vinna þetta aftur með sama hætti.

Stjórn leggur áherslu á að þjónusta sé í forgrunni í þeim verkefnum sem við farið er í. Einnig lögð áhersla á að menntun og vísindi komi skýrt fram og áhersla verði lögð á þann þátt.

Stjórn samþykkir starfsáætlun stjórnar. Óskað eftir að fá upplýsingar að ári um hvernig hefði tekist til.

5. Fjárhagsáætlun Landspítala 2024 – til samþykktar

Samþykkt.

6. Starfsáætlun stjórnar 2024

Samþykkt. Ákveðið að fjallað verði um nýjan Landspítala á öllum fundum stjórnar.

-Önnur mál

Spurt um framlengingu á samningi SÍ um liðskiptaaðgerðir. Málið stuttlega rætt.